

Nd.

56. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður: Jón Jónsson.

Hróarstungulæknishjeraði skal skift í tvö læknishjeruð sem hjer segir:

1. Hróarstungulæknishjerað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gislá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur og Eiðahreppur.
2. Bakkalæknishjerað: Borgarfjarðarhreppur.

Greinargerð.

Síðan læknisbústaður Hróarstunguhjeraðs var fluttur til Borgarfjarðar, má svo segja, að hjeraðshrepparnir sje með öllu læknislausir. Fjallgarðarnir báðum megin við Fljótsdalshjerað eru svo illir yfirferðar á vetrum, að gersamlega er ófært yfir þá dögum og jafnvel vikum saman vegna illviðra. Ofan á þetta bætast snjóþyngsli mikil í öllu hjeraðinu, þegar harðindi eru, svo að stundum er ómögulegt að nota hesta til reiðar. Þó verður þeim, sem næst búa Smjörvatnsheiðinni (norðan við hjeraðið) það til að brjótast til Vopnafjarðar eftir lækni í lífsnauðsyn, en nærri má geta, hversu þægilegt það er, ef líf liggur við. Aftur verða hinir, sem nær búa eystri fjallgarðinum, annað hvort að ná í lækni af Borgarfirði eða sækja hann upp að Brekku í Fljótsdal. Þeir, sem miðlínis búa á hjeraðinu, vita eiginlega ekki, hvert þeir eiga að snúa sjer. Svona er ástandið, að illskárra er fyrir fjölda hjeraðsbúa að sækja annan lækni (annaðhvort að Brekku eða á Vopnafjörð), en sinn eigin lækni á Borgarfjörð, en þá eru þeir ef til vill ekki við látnir og hafa öðrum störfum að gegna í sínum læknishjeruðum. Ofan á þessa örðugleika bætist tilfinnanlegur kostnaður við læknisvitjanir. Ástandið er óþolandi. Krefjast hjeraðsbúar þeirra breytinga, sem hjer er stungið upp á. Og á aðalfundi sýslunefndar Norðurmúlasýslu var í vor samþykkt í einu hljóði áskorun til Alþing-

is að stofna nýtt læknishjarað á Úthjaraði. Mannfjöldi í Hróarstunguhjaraði var 1910 sem hjer segir: Í hjaraðshreppunum, sem mynda eiga hið nýja Hróarstunguhjarað, 1021, og í Borgarfirði, hinu fyrirhugaða Bakkahjaraði, 432, en sennilega hefir fólksfjöldinn eitthvað aukist síðan.